

3. stjórnarfundur HSV starfsárið 2019-2020. Haldinn á skrifstofu HSV í Vestrahúsinu, miðvikudaginn 5. nóvember 2019 kl. 16.30.

Mætt eru Ásgerður Þorleifsdóttir, Hildur Elísabet Pétursdóttir, Karl Ásgeirsson, Baldur Ingi Jónasson, og Sigríður Lára Gunnlaugsdóttir sem ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Ráðning nýs framkvæmdastjóra HSV

Vegna tengsla við umsækjendur afboðuðu eftirfarandi stjórnarmenn sig á fundinn: Heimir Hansson, Margrét Arnardóttir og Elísa Stefánsdóttir.

Umsóknir um stöðu framkvæmdastjóra voru fimm. Af þeim reyndust fjórir umsækjendur hæfir og voru þeir allir boðaðir í viðtöl. Af þessum fjórum mjög hæfu umsækjendum var ákveðið að bjóða Bjarka Stefánssyni starfið. Framkvæmdastjóra var falið að ræða við Bjarka og gera við hann ráðningarsamning.